

RÁFORKUMALASTJORI,  
Jarðhitadeild.

SKÝRSLA UM JARÐSVEIFLUMÆLINGAR  
VIÐ SVARTÁRKOT Í BÁRDARDAL 1963

eftir

Valgarð Stefánsson.

September 1963.

RAÞORKUMÁLASTJÓRI  
Jarðhitadeild.

SKÝRSLA UM JARÐSVEIÐLUMSLINGAR  
VIÐ SVARTARKOT I BÁRDALDAL 1963.

eftir

Valgerð Stefánsson.

September 1963.

SKÝRSLA UM JARBSVEIFLUMÆLINGAR  
VIÐ SVARTÁRKOTI Í BÁRBARDAL 1963.

1. INNGANGUR:

Skýrsla þessi fjallar um jarbsveiflumælingar gerðar nálægt Svartárkoti í Bárbardal á tímabilinu 22. júlí til 26. júlí 1963. Tilgangur mælinganna var að reyna að fá fram dýpt niður á fast berg á svæðinu milli Svartárvatns og Drápshvammslækjar vegna hugsanlegrar veitingu Svartár í Króká.

Við mælingarnar starfaði 5 manna mælingaflokkur, sami flokkur og framkvæmdi mælingarnar við Þjórsá sumarið 1963.

Þar sem ekkert kort samlega nákvæmt var til af svæði þessu, og er heldur ekki fyrir hendi, er þetta er ritað, hefur ekki reynt unnt að láta fylgja með skýrslu þessari kort með staðsetningu mælinga. En Haukur Tómasson, jarðfræðingur Orkudeildar, var á staðnum, er mælingar voru gerðar, og lofaði hann, að mælingar yrðu merktar inn á kort, þegar það yrði tilbúið.

2. FRAMKVÆMD MÆLINGA OG NIÐURSTÖÐUR.

Við mælingar voru notuð jarbsveiflutaki Jarðhitadeildar. Sprengdir voru 120 m próffilar með 10 m fjarlægð milli geofóna. Próffilar sprengdir eftir línu svo sem unnt var. Yfirborðslög öllu því, að línu var hlíðrað tvisvar, þannig að um þrjú snið er að ræða. Er snið 1 næst Drápshvammslæk. Þá kemur snið 2 og snið 3 nær út undir Svartárvatn.

Niðurstöðurnar hafa verið teiknaðar upp í lengdarmalíkvarða 1:2000 og dýptarmalíkvarða 1:1000.

Snið 1.

Undir þunnu yfirborðslagi kemur ca 12 m þykkt lag með hljóðhraðanum 0.7 -1.5 km/s. Gæti það verið jökulruðningur. Undir því tekur við lag á ca 15 m dýpi með hraðann um og yfir 3 km/s. Þetta lag er líklegast fast berg. Virðist það vera undir öllu svæðinu.

Snið 2.

Um þessa línu er það helst að segja, að svo sem 200 metra frá byrjun línunnar breyttist hraðinn í efra laginu úr 1.2 km/s í 2.0 - 2.2 km/s. ER því ástæða til að eðla að þar skipti um jarðlag. Hver munurinn er á efra laginu í sniði 1 og 2 verða boranir að skera úr um.




Snið 3.

Nokkurn veginn á mörkum sniðs 2 og 3 breyttist hraðinn í efra laginu aftur úr ca 2 km/s í 1.3 - 1.6 km/s. Virðist þar komið aftur sama lag og um getur í sniði 1.

3. LOKAORD.

Þar sem boranir munu hafa farið fram seinni part þessa sumars á svæði því, er mælt var á, ætti að geta fengist samilegur samanburður á niðurstöðum jarðsveiflumslinga og borana á þessu svæði.

Þar sem tími leyfði ekki, að beðið væri eftir niðurstöðum borana, var skýrsla þessi samín án samanburðar við niðurstöður borana. Ef til vill munu það sjána sig í framtíðinni að slíkt hafi verið óráð.



Mælikvarði

← 1:2000  
 ↓ 1:1000